

Tíu vinir

Byrja á að flokka spilin eftir sortum og velja annan rauða litinn og annan svarta til að setja saman í bunka. Kóngar, drottningar og gosar eru tekin úr og einungis ás upp í 10 er notað. Gildir bæði fyrir einfaldari og flóknari útgáfu spilsins.

A. Einfaldari útgáfa spilsins: Spil fyrir einn.

Spilin eru lögð á borðið með bakhliðina niður þannig að öll tölugildi sjáist. Rautt og svart spil sem hafa summuna 10 eru pörð saman og lögð niður sem slagur. Þegar öll spilin hafa verið tekin úr borði er spilið búið.

B. Flóknari útgáfa spilsins: Spil fyrir tvo.

Spilin eru lögð á borðið með bakhliðina upp, tölugildi sjást ekki. Þetta spil er spilað eins og hefðbundin minnispil en í stað þess að para saman eins tölugildi eru pörð saman spil sem hafa summuna 10. Sá vinnur sem nær fleiri slögum í borð hjá sér.